



STARFSSKÝRSLA 2004 TIL 2005



**STARFSSKÝRSLA
2004–2005**



Umsjón: Hrafn Magnússon
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf
Hönnun: Hvíta húsið
Kápumynd: Goðafoss
Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson kápumynd,
G. Róbert Ágústsson bls. 4, aðrar myndir Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	7
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Fulltrúaráð LL	9
Fræðslufundir	10
Sjóðfélagalán	11
Samkomulag um samskiptamál	12
Lokaskýrsla um starfsendurhæfingu	13
Skýrsla um áhrif afnáms verðtryggingar	14
Samskipti við Íbúðalánasjóð	15
Erlent samstarf	16
Samkomulag um lánveitingar	17
Umsagnir	18
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20

ÁRSREIKNINGUR 2004

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	23
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur 2004	25
Efnahagsreikningur	26
Yfirlit um sjóðstreymi 2004	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2004 var á ýmsan hátt hagstætt lífeyrissjóðunum. Enn á ný varð mikil hækkun á innlenda hlutabréfamarkaðinum. Þannig hækkaði Úrvalsvístala Kauphallar Íslands um 58,9% á árinu. Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 12,8%, en helstu hlutabréfavisitölur í Bandaríkjunum hækkuðu minna. DowJones vísitalan hækkaði aðeins um rúmlega

3% og Nasdaq um tæplega 9%. Þessar hækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum skiluðu sér ekki í betri ávöxtun lífeyrissjóðanna, þar sem íslenska krónan styrkist á móti USD um 13,9%.



Þá ber að geta þess að á s.l. hausti hófu bankarnir að bjóða fasteignatryggð lán á lægri vöxtum en áður hafði tíðkast. Í ljósi þessarar samkeppni lækkuðu lífeyrissjóðirnir einnig vaxtakjör á sjóðfélagalánum allt niður í 4,15% fasta vexti. Þrátt fyrir þessar hræringar á innlendum skuldabréfamarkaði náðu lífeyrissjóðirnir mjög góðri ávöxtun. Talið er að raunávöxtun sjóðanna hafi verið um 10,5% í fyrra. Um mjög góðan fjárfestingarárangur er því að ræða annað árið í röð en á árinu 2003 nam raunávöxtunin 11,3% að meðaltali. Þrátt fyrir þennan góða árangur var raunávöxtun sjóðanna mjög misjöfn í fyrra. Þeir lífeyrissjóðir sem eiga töluverðar eignir í innlendum hlutabréfum uppskáru ríkulega á árinu. Meðalávöxtun lífeyrissjóðanna síðustu fimm árin er þó frekar slök eða um 3%, sem rekja má til neikvæðrar raunávöxtunar á árunum 2000 til 2002. Tíu ára meðaltalið er hins vegar mun betra eða um 5,6% og frá því að haldgóðar mæingar hófust á meðalávöxtun sjóðanna á árinu 1991 þá hefur raunávöxtunin numið að meðaltali um 5,9% á ári.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands námu heildareignir lífeyrissjóðanna 974 milljörðum króna um síðustu áramót og höfðu aukist um 150 milljarða króna á árinu 2004 eða um 18%. Eignir lífeyrissjóðanna voru um síðustu áramót um 110% af vergri þjóðarframleiðslu. Í febrúar á þessu ári náðist svo merkur áfangi þegar eignir lífeyrissjóðanna námu 1.000 milljörðum króna.

Hinn góði fjárfestingarárangur lífeyrissjóðanna í fyrra bætur að sjálfsgöðu hina tryggingafræðilega stöðu þeirra. Þrátt fyrir það eru ýmsar blikur á lofti í starfsumhverfi sjóðanna. Tvennt kemur aðallega til sem sérstök ástæða er til að benda á.

Í fyrsta lagi heldur meðalævi Íslendinga áfram að lengjast. Þannig hefur ólifufé meðalævi 65 ára karla á undanförunum þremur áratugum lengst úr 15 árum í 17,7 ár eða um 18% og meðalævi kvenna lengst úr 17,8 árum í 20,5 ár eða um rúm 15%.

Í öðru lagi hefur tíðni örorku aukist mjög mikið á undanförunum árum. Að frumkvæði Landssamtaka lífeyrissjóða var Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa örorku- og endurhæfingartöflur, sem byggðar væru á innlendra reynslu um tíðni örorku, en fram til þessa hafði verið stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% afslætti. Þeirri vinnu lauk um síðustu áramót og kom þá í ljós að við tryggingafræðilega athugun var um að ræða verulegt vanmat á tíðni örorku. Örorkubyrðin leggst hins vegar misjafnt á lífeyrissjóðina. Hjá sumum sjóðum er örorkutíðnin lægri en dönsku örorkutöflunar en hitt er mun algengara að örorkubyrðin sé meiri hjá sjóðunum og yfir meðaltalið eru íslenskar örorkulíkur um 5% yfir þeim dönsku. Í framhaldi af þessari niðurstöðu var ákveðið að örorkunefnd LL hæfi störf að nýju, en hún hafði skilað álitum fyrir hluta árs 2004. Ljóst er að hér er um svo mikið vandamál að ræða að grípa verður til róttækra ráðstafana, m.a. verður ríkisvaldið að koma að þessum málum, enda er oft um að ræða örorku vegna félagslegra aðstæðna, sem óeðlilegt er að leggist með fullum



þunga á einstaka lífeyrissjóði. Ýmiss önnur úrræði koma til greina til að lækka örorkubyrði sjóðanna og má þar t.d. nefna að lífeyrissjóðirnir þurfa að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegrar starfsendurhæfingarmiðstöðvar, svo og með gerð þjónustusamninga við endurhæfingarstöðvar.



Í desember á síðasta ári undirrituðu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands samkomulag um framtíðarskipulag lífeyriskerfisins og um ráðstöfun á 1% viðbótarframlagi atvinnurekenda frá síðustu áramótum. Stefnt er að því að tekin verði upp aldurstengd réttindaávinnsla í stað jafnrar réttindaávinnslu. Unnið hefur verið að því að þróa svokallaða „milda aðferð“ við yfirfærslu úr jafnri- í aldurstengda réttindaávinnslu. Taka skal mið af iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga á árinu 2003 til jafnrar réttindaávinnslu, svokallað viðmiðunariðgjald. Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skulu færast í jafna réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð. Iðgjald umfram viðmiðunariðgjald myndar réttindi í aldurstengdu réttindakerfi. Ljóst er að um er að ræða flókið ferli og ekki einhlítt hvernig standa ber að slíkri kerfisbreytingu. Þó stefnumörkun á þessu sviði sé á forræði aðila vinnumarkaðarins, þá leggur stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða áherslu að yfirfærslan geti gengi vel fyrir sig og að samræmis sé gætt á milli sjóða um framkvæmdina. Landssamtökin eru reiðubúin að leggja sitt af mörkum svo þessi flókna kerfisbreyting geti tekist sem best í framkvæmd.

Fyrir hönd stjórnar vil ég að lokum þakka framkvæmdastjóra og lífeyrissjóðunum ánægjuleg samskipti á starfsárinu. Landssamtök lífeyrissjóða hafa á umliðnum árum sannað tilverurétt sinn sem hagsmunasamtök allra lífeyrissjóða í landinu og þess vegna er sérstök ástæða til að líta björtum augum til framtíðarinnar.

Friðbert Traustason



Skarðsbók





AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 10. maí 2004. Þórir Hermannsson stjórnaði fundi en fundarritari var Valgarður Sverrisson.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, fjallaði um stjórnun lífeyrissjóða, en á umliðnum árum hafa átt sér stað umræður um hvernig valið er í stjórnir íslensku lífeyrissjóðanna og hvort núverandi stjórnskipulag sjóðanna sé séríslenskt fyrirbæri eða eigi sér fyrirmynd í nágrannalöndunum. Fór Tryggvi yfir helstu niðurstöður skýrslu sem hann tók saman fyrir LL um framangreint efni. Í máli Tryggva kom m.a. fram að stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttað í þeim löndum sem voru til skoðunar. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ. e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og er meginregla hér á landi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga. Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalýðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu.

Friðbert Traustason, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu eignir lífeyrissjóðanna um 805 milljörðum um síðustu áramót og nam raunhækkun eignanna árið 2003 um 15,4%. Er það mikill viðsnúningur frá síðustu þremur árum þegar raunvöxtur eigna sjóðanna nam aðeins um 4% á ári að meðaltali vegna neikvæðrar ávöxtunar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Ekki séu miklar líkur á að lífeyrissjóðir geti á næstu árum bætt lífeyrisréttindin umfram það sem nú er. Komi þar margt til en tvennt standi þó uppúr.

Í fyrsta lagi hafi örorkubyrði lífeyrissjóðanna vaxið mjög á síðustu árum. Aukin tíðni örorku meðal yngra fólks á vinnumarkaði virðist fylgja atvinnuleysisstigi nokkuð og einnig munu auknar kröfur á vinnumarkaði hafa augsýnileg áhrif á fjölgun þeirra, sem sækja um örorkumat. Á árunum 1990 til 2000 fjölgaði landsmönnum á aldrinum 16 til 66 ára um 11%. Á sama tíma fjölgaði öryrkjum í þessum sama aldursþóp um 76%. Þetta séu vissulega sláandi tölur og ljóst að lífeyrissjóðirnir glíma þarna við vanda, sem hafi örugglega verið vanmetinn við tryggingafræðilega úttekt sjóðanna og getu þeirra til að standa við skuldbindingar sínar.

Í öðru lagi sé lengri lífaldur sjóðfélaga, eins gleðilegur og hann nú er, vandamál fyrir sjóðina þar sem sífellt verður að breyta tryggingafræðilegum úttektum og þyngja kvaðir vegna aukinna skuldbindinga sjóðanna. Vegna mikilvægi samtryggingarinnar í lífeyriskerfinu hafi samningsaðilar á almennum vinnumarkaði ákveðið að hækka framlag at-

vinnurekenda í áföngum úr 6% í 8%. Ljóst sé hins vegar að þessi hækkun iðgjaldsins sé aðeins hugsuð til að halda sjó, þannig að ekki þurfi að koma til skerðingar á lífeyrisgreiðslum á næstu árum. Með þessum samningum er enn og aftur undirstrikað að iðgjöld til lífeyrissjóðanna og starfsemi þeirra almennt sé hluti af þeim heildarkjörum sem aðilar kjarasamninga semja um hverju sinni. Lagasetning um starfsemi lífeyrissjóðanna á að fylgja þeim leikreglum sem aðilar vinnumarkaðarins koma sér saman um, enda sé framtíð kerfisins á þeirra ábyrgð, en ekki löggjafans.

Í lok skýrslu sinnar gat Friðbert þess, að á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða væri nú verið að skoða kosti og galla þess, ef gerðar yrðu grundvallarbreytingar á réttindakerfi lífeyrissjóðanna, ásamt því hvaða aðferðum best væri að beita, ef ákveðið yrði að breyta um réttindakerfi, þ. e. taka upp aldursháð kerfi í stað kerfis með jafna réttindaávinnslu, og hvort og þá hvernig slík breyting gæti gengið fram, án þess að sjóðfélagar bæru skarðan hlut frá borði. Hér sé síður en svo um að ræða auðvelt viðfangsefni og ljóst sé að slík umbreyting sé bæði vandasöm og flókin, ef hún á að ná til allra lífeyrissjóða. Þar sé hins vegar ekki hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða að leggja til breytingar á réttindakerfi sjóðanna, heldur liggja slík ákvörðun hjá einstökum lífeyrissjóðum og aðilum vinnumarkaðarins.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2003 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og vara-stjórn og voru þær breytingar gerðar á aðalstjórn að í stað Þóris Hermannssonar, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, var kjörinn Þorbjörn Guðmundsson. Nokkrar breytingar voru gerðar á varastjórn samtakanna og voru eftirtaldir kjörnir sem nýir varamenn: Björn Snæbjörnsson, Friðjón Sigurðsson, Jón G. Kristjánsson og Stefán Halldórsson.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2004, var greint frá skipan fullrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Friðbert Traustason, *formaður*
 Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
 Arnar Sigurmundsson
 Árni Guðmundsson
 Margeir Daniélsson
 Víglundur Þorsteinsson
 Þorbjörn Guðmundsson og
 Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Vararstjórnin er þannig skipuð: Björn Snæbjörnsson, Gunnar Baldvinsson, Friðjón Sigurðsson, Jóhannes Siggeirsson, Jón G. Kristjánsson, Pétur Sigurðsson, Sigurbjörg Björnsdóttir og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 10 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykpta samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Talið frá vinstri neðri röð: Haukur Hafsteinsson, Friðbert Traustason, Þorbjörn Guðmundsson og Margeir Daniélsson. Efri röð frá vinstri: Gunnar Baldvinsson, varamaður, Árni Guðmundson, Hrafn Magnússon, Arnar Sigurmundsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Á myndina vantar Víglund Þorsteinsson.


HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Hlutverk samtakanna er:

- a) Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- b) Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- c) Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- d) Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- e) Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- f) Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- g) Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



Útlán og verðbréfaeign lífeyrissjóða 1992–2004



FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefniir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli, auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 1. desember á síðasta ári. Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, hélt erindi um áhrif afnáms verðtryggingar á íslenska lífeyrissjóði, en Tryggvi hafði þá nýlega unnið greinargerð fyrir stjórn LL um sama efni. Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, ræddi um *tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna til að standa við lífeyrisskuldþeningar sínar í framtíðinni*, m.a. hvaða áhrif vaxandi ævilíkur, aukin örorkubyrði og lækkandi vextir á innlendum skuldabréfamarkaði kynnu að hafa á afkomu sjóðanna.

Langisjór



FRÆÐSLUFUNDIR

Að vanda voru haldnir nokkrir fræðslu- og samráðsfundir á kjörtímabili stjórnar samtakanna.

Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til samráðsfundar 4. nóvember s. l. um *innheimtuaðgerðir lífeyrissjóðanna vegna vangreiddra iðgjalda ársins 2003*, en ríkisskattstjóri hafði nýlega sent lífeyrissjóðunum lista yfir vanskilaiðgjöld, sbr. 6. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þau Ásgeir Heimir Guðmundsson, Grétar Þ. Kristinsson, Hulda Karlsdóttir og Jón Geir Þormar hjá embætti ríkisskattstjóra mættu á fundinn og gáfu nánari upplýsingar um gagnavinnslna. Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, fór yfir samstarf Söfnunarsjóðsins við lífeyrissjóðina vegna vanskila ársins 2002 og hvernig sjóðurinn mun standa að innheimtunni vegna ársins 2003.

Þann 9. nóvember s.l. héldu Landssamtök lífeyrissjóða kynningarfund með nefndarmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, greindi frá athugun hvernig *stjórnskipan lífeyrissjóðanna er í nágrannalöndunum, borið saman við Ísland*. Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, fjallaði um *tryggingafræðilegu stöðu lífeyrissjóðanna til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar í framtíðinni* og Albert Jónsson, sjóðstjóri hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ræddi um *fjárfestingarheimildir og eignasamsetning lífeyrissjóðanna og aðkoma lífeyrissjóðanna að fjárfestingum hérlendis og erlendis*.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa styrkt tvö rannsóknarverkefni við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ákveðið var að boða til fræðslufundar þann 15. febrúar s. l. til að kynna verkefnin. Á fundinum var fjallað um efnið: „*Lagaumhverfi*

og starfsemi íslenskra og evrópskra lífeyrissjóða“. Fummælendur voru þeir Ómar Þór Eyjólfsson og Sigurvin Ólafsson, laganemar. Þá var fjallað um „*Könnun á viðhorfi stjórnarmanna til hlutfalls- og margfeldiskosninga í íslenskum hlutfélögum*“. Frummælendur voru þeir Ásgeir Helgi Reykþjörð Gylfason og Halldór Karl Halldórsson.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað nýlega að láta fara fram sjálfstæða *heildarendurskoðun á 36. grein lífeyrissjóðalaganna um fjárfestingarheimildir*. Meðal hugmynda er að gert er ráð fyrir því að flest ákvæði um takmarkanir á fjárfestingum í einstökum tegundum verðbæfa og annarra fjármálagerninga verði settar með reglugerð, sem og ákvæði um dreifingu eigna. Eftir sem áður yrðu meginreglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, s.s. takmarkanir á gjaldmiðlaáhættu, fjárfestingar í hlutabréfum og veðsetningarhlutfall fasteigna, ákveðin í lögum. Markmiðið er að gera reglusetninguna markvissari og að einfaldara verði að laga hana að breytingum í starfsumhverfi lífeyrissjóða og fjármálamarkaðarins almennt. Til þess að ræða þessa vinnu og þær tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið var efnt til umræðufundar 8. mars s.l. Framsögumaður var Tómas Njáll Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Þann 6. apríl s.l. boðuðu Landssamtök lífeyrissjóða til umræðufundar um *gengisvarnir lífeyrissjóða*. Framsögumenn voru þeir Arnar Jónsson, sérfræðingur í Gjaldreyrismiðlun Landsbanka Íslands, Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga og Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

Á teigi



SJÓDFÉLAGALÁN

Í maímánuði á síðasta ári var þess getið í fréttum að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, SBV, teldu brýnt að lokað verði fyrir heimildir lífeyrissjóðanna til lífeyrissjóðalána eða þeim skorinn mun þrengri stakkur. Vegna þessarar fréttar töldu Landssamtök lífeyrissjóða rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

„Bann við lánunum rökstyðja Samtök banka og sparissjóða með samanburði við Norðurlöndin sem er óheppilegt að því leyti að þau eru mjög skammt á veg komin hvað lífeyrissparnað áhræfir og hófu ekki sjóðsöfnun með þeim hætti sem þekkist hérlendis fyrr en í byrjun síðasta áratugar svo dæmi sé tekið af Danmörku. Lífeyrissparnaður í Noregi mælist í einstafstölu sem hlutfall af landsframleiðslu meðan á Íslandi er hann u. þ. b. 100%. Þannig er eðlilegra að horfa til landa þar sem lífeyrissparnaður er meiri og á sér lengri sögu.

Ef horft er til Bandaríkjanna má sjá að CALpers, lífeyrissjóður opinberra starfsmanna Kaliforníuríkis, lánar sjóðfélögum sínum til fasteignakaupa og eru þessar lánveitingar mun umfangsmeiri en þekkist hérlendis. Á síðustu 13 árum hefur lífeyrissjóður kennara sama ríkis lánað 23. 000 sjóðfélögum 2,7 milljarða dollara gegn fasteignaveði.

Lífeyrissjóðirnir hafa lánað til sjóðfélaga allt frá stofnun. Þannig hafa Samvinnulífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður verzlunarmanna lánað til sinna sjóðfélaga í tæp 50 ár og Lífeyrissjóður bankamanna enn lengur. Lífeyrissjóðir sem stofnaðir voru 1970 hófu fljótlega lánveitingar til sinna sjóðfélaga. Almennt lána lífeyrissjóðirnir, og þar með talinn Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, sjóðfélögum lán með vaxtaálagi á ríkistryggð skuldabréf þannig að aðdróttunum SBV um óheilbrigða viðskiptahætti og fyrirframgreiðslu lífeyris er vísað á bug. Útlánatöp vegna þessara lánveitinga hafa verið hverfandi og vanskil lítil. Að lánveitingum þessum er staðið með faglegum hætti ekki síður en í bönkunum. Lífeyrissjóðslánin eru því góð viðbót við aðra eignarflokka í verðbréfasafni lífeyrissjóðanna.

Það hljóta allir landsmenn að sjá í gegnum látlausan áróður bankanna sem vilja sölsa undir sig alla lánastarfsemi í landinu. Þannig hamast þeir daginn út og inn á starfsemi Íbúðalánasjóðs og nú þarf að henda lífeyrissjóðunum út af veðlánamarkaði. Allar fjölskyldur kunna sögur af lánveitingum bankanna til húsnæðismála. Þar var almennt engin lán að finna til fasteignakaupa þar til nýlega.

Staðreyndin er sú að bönkunum leiðist samkeppnin og vilja hafa þennan markað fyrir sig einan. Verður þá fyrst ömurlegt að búa á Íslandi þegar ekki verður hægt að leita fasteignatryggðra lána víðar en hjá bönkunum. Það er von Landssamtaka lífeyrissjóða að slík staða komi aldrei upp.“

Samkvæmt lánakönnun sem Landssamtök lífeyrissjóða gerðu í nóvember s. l. er algengast að lán til sjóðfélaga séu veitt án fjárhæðartakmarkana. Hámarkslánin ráðast þá ein-



Við Álftavatn

göngu af veðhæfni tryggingar, en samkvæmt lögum er lífeyrissjóðum heimilt að lána með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði. Lánstíminn er að hámarki 40 ár og algengast er að sjóðfélagar geti valið milli lána með jöfnum afborgunum og jafngreiðslulána. Þá geta sjóðfélagar oftast valið á milli fastra vaxta eða breytilegra vaxta. Lægstu fastir vextir eru á bilinu 4,15% til 4,3% og breytilegir vextir jafnvel lægri. Algengast er að lífeyrissjóðirnir taki hvorki uppgreiðslugjald ef lánin eru greidd upp né innágreiðslugjald, einsog tíðkast hjá bönkunum. Þá hækka vextirnir ekki, þó sjóðfélaginn hætti að greiða til sjóðsins, en hjá bönkunum hækka vextirnir umtalsvert ef lántaki hættir viðskiptum hjá viðkomandi banka.

SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL

Úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða fjallaði um ýmiss framkvæmdatriði varðandi samkomulag lífeyrissjóða um samskiptamál og taldi nefndin rétt að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri til samkomulags-sjóða:

Í 9. grein samkomulagsins er gert ráð fyrir að sjóðfélagi, sem sækir um lífeyri, þurfi ekki að fylla út umsókn nema hjá einum lífeyrissjóði. Sá sjóður, sem veitir umsókn viðtöku, skal innkalla nauðsynlegar upplýsingar frá öðrum sjóðum eða sjá til þess að annar sjóður, sem málið virðist skyldara vegna framreiknings eða af öðrum ástæðum taki við afgreiðslu þess. Síðan skal hann senda ljósrit umsóknar, iðgjaldafirlits og annarra gagna til þeirra sjóða, sem greiða munu lífeyri. Ekki er sérstaklega gengið eftir því að aðrir sjóðir úrskurði í samræmi við upphaflegan lífeyrisúrskurð.

Úrskurðar og umsagnarnefnd LL taldi nauðsynlegt að lífeyrissjóðir láti fyrsta sjóð strax vita, ef þeir eru ósáttir við hlutdeild sína í framreikningi eða ef þeir telja að úrskurðurinn sé ekki réttur. Annars er hættu á því að aðrir sjóðir taki tillit til stigaeigna viðkomandi sjóðs við framreikning, sem þeir annars ættu ekki að gera.

Í samræmi við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðs og samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar kemur oft fyrir að áunnin réttindastig sjóðfélaga eru hækkuð. Mjög misjafn er hvort slík hækkun á að hafa áhrif við útreikning framreiknings eða ekki. Oftast er það gert en stundum fylgir ákvörðuninni að viðbótarhækkun stiga skuli ekki hafa áhrif á framreikning réttinda. Þá er einnig misjafn hvort hækkunin er sett á viðkomandi iðgjaldaár, eða færð öll á einstakt ár, jafnvel

án þess að hún sé tilgreind sérstaklega á iðgjaldafirliti á því ári.

Úrskurðar og umsagnarnefnd LL taldi nauðsynlegt að viðkomandi lífeyrissjóðir tilkynni öðrum samkomulags-sjóðum og Landssamtökum lífeyrissjóða um meðhöndlun hækkunarinnar og hvort hún eigi að nýttast við framreikning réttinda eða ekki og hvernig hún er að öðru leyti tilgreind í iðgjaldafirliti sjóðsins.

Úrskurðar- og umsagnarnefndin fjallaði einnig um flutning lágmarksréttinda milli sjóða, þegar um deildarskipta lífeyrissjóði væri að ræða. Við endurskoðun á samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða á árinu 1998 var ákveðið að samkomulagið næði einnig til deilda hjá einstökum lífeyrissjóðum. Þessi breyting hafði engin áhrif á þá deildarskiptu lífeyrissjóði, sem áttu áður aðild að samkomulaginu nema að því leyti til að þeir gátu, ef þeir kysu svo, undanskilið einstakar deildir frá samkomulaginu. Á sama hátt gátu aðrir deildarskiptir sjóðir, sem síðar vildu gerast aðilar að samkomulaginu, takmarkað aðildina við einstakar deildir. Því bæri viðkomandi lífeyrissjóðum að leggja saman iðgjöld þeirra deilda sjóðsins, sem aðild eiga að samkomulaginu, þegar kannað er, hvort flytja skuli iðgjöldin. Þessi túlkun styðst einnig við þau meginsjónarmið sem liggja að baki flutningi iðgjalda milli sjóða þegar um lítinn rétt er að ræða. Af hagkvæmisástæðum hefur verið talið eðlilegt að setja reglur um slíka flutninga. Sömu sjónarmið eiga ekki við þegar um deildarskipta sjóði er að ræða og réttur í einstökum deildum er undir lágmarki.

Við Hafravatn



LOKASKÝRSLA UM STARFSENDURHÆFINGU

Á árinu 2002 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra starfshóp um starfsendurhæfingu. Í skipunarbréfi kemur fram að tillögur hópsins ættu að lúta að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og hafa að leiðarljósi þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa aðstoð við að fóta sig á nýjum eða breyttum starfsvettvangi.

Í starfshópinn voru skipaðir: Sigurður Thorlacius, tryggingayfirlæknir, formaður, tilnefndur af Tryggingastofnun ríkisins, Guðmundur Hilmarsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Gunnar Kr. Guðmundsson, endurhæfingarlæknir, tilnefndur af Samstarfsráði um endurhæfingu, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landsamtökum lífeyrissjóða, Ragnar Árnason, lögfræðingur, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Sigurður P. Sigmundsson, hagfræðingur, tilnefndur af Vinnumálastofnun og Þór G. Þórarinsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af félagsmálaráðuneyti

Á síðasta ári skilaði starfshópurinn áfangaskýrslu og fékk umboð til að vinna áfram á grundvelli þeirra hugmynda sem þar komu fram.

Starfshópurinn hefur nú skilað lokaskýrslu og eru megin niðurstöðurnar þessar:

- Ef starfsendurhæfingu er beitt snemma í óvinnufærni-ferli er hún áhrifarík leið til að fyrirbyggja ótímabæra örorku.
- Beinn fjárhagslegur sparnaður fyrir þjóðfélagið við að forða örorku hjá einum einstaklingi er um 30 milljónir króna.
- Endurskipuleggja þarf starfsendurhæfingu og auka framboð og sveigjanleika til að bregðast við breyttum þörfum á vinnumarkaði.
- Komið verði á fót miðstöð starfsendurhæfingar. Með þessari miðstöð skapast vettvangur til að vinna frekar að málefnum starfsendurhæfingar, þvert á ríkjandi fyrirkomulag, stofnanir og hagsmunaaðila til að byggja upp markvissari úrræði og fræðslu- og þjónustusetur. Lagt er til að rætt verði við hagsmunaaðila um aðild þeirra að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með einni miðstöð til að meta starfsendurhæfingarpörf einstaklinga og vísa þeim í úrræði. Miðstöðin hafi sjálfstæða stjórn skipaða fulltrúum þeirra sem koma að verkefninu. Gert er ráð fyrir að rekstur endurhæfingarmiðstöðvarinnar kosti um 40 milljónir kr. á ári. Á móti kemur um 20 milljón kr. sparnaður sem verður vegna flutnings verkefna til miðstöðvarinnar. Með betri nýtingu á starfskröftum og auknu samstarfi má gera ráð fyrir töluverðri hagræðingu og þar með óbeinum sparnaði til viðbótar. Auk þess er miðstöðinni ætlað að þjónusta fleiri einstaklinga en gert er í dag.
- Endurskoða þarf lagaákvæði um endurhæfingarlífeyri,



Á fleygiferð

þannig að endurhæfingarlífeyrir geti nýst þeim sem þarfnast langvarandi starfsendurhæfingar.

- Þörf er á að breyta læknisvottorðum vegna fjarvista frá vinnu, þannig að þau endurspegli tímanlega hvort þörf kunni að vera á starfsendurhæfingu.
- Hækka og samræma þarf sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun og sjúkrasjóðum. Samræma þarf greiðslur frá sveitarfélögum vegna félagslegrar framfærslu.
- Efla þarf sértækar greiðslur til atvinnulausra til að hvetja þá til náms og starfsendurhæfingar og inn á vinnumarkaðinn að nýju.

Tillögur þessar eru nú til skoðunar hjá stjórnvöldum, en ljóst er að mjög brýnt er að endurskipulegga starfsendurhæfingu, m.a. með því að koma á fót miðstöð starfsendurhæfingar hér á landi. Stöðugt vaxandi örorkulífeyrisbyrði kallar á skilvirk úrræði á sem flestum sviðum og þar á meðal er starfsendurhæfing einn mikilvægasti þátturinn.

SKÝRSLA UM ÁHRIF AFNÁMS VERÐTRYGGINGAR



Á Kiðjabergsvelli

Í síðasta aðalfundi Landssamtaka Lífeyrissjóða komu fram óskir um það að stjórn samtakanna léti fara fram könnun á því hvaða áhrif afnám verðtryggingar gæti haft á lífeyrissjóðina. Stjórn LL leitaði til Tryggvi Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að hann tæki saman skýrslu um viðfangsefnið.

Skýrsla Tryggva kom út í nóvember á síðasta ári. Megin niðurstöður eru þær að við mikinn óstöðugleika í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbólguþróun sé líklegur að skuldunautar hagnist á því að verðtrygging sé afnumin en að þeir tapi aftur á móti ef stöðugleiki og jöfn verðbólga ríkjá. Ekki sé ljóst hvað kæmi í stað verðtryggingar sem grunnur að vöxtum á langtímalánum ef vísitölutenging yrði afnumin en rétt væri þó að benda á að afnám verðtrygginga á fjárskuldbindingar myndi taka nokkra áratugi í framkvæmd því ekki sé hægt að breyta gerðum lánasamningum auk þess sem misgengi gæti skapast á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna. Jafnframt sé líklegt að ekki yrði hægt að fá lán til jafn langs tíma og nú er. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris. Skuldbindingar sjóðanna eru þannig verðtryggðar

og ef tryggingin yrði afnumin væri ljóst að hætta gæti skapast á misgengi milli eigna og skuldbindinga.

Þegar verðbólga er óviss og óstöðugleiki í efnahagslífinu þá má færa fyrir því haldgóð rök að skuldunautar hagnist á óverðtryggðum lánum, en tapi ef stöðugleiki og jöfn og fyrir-séð verðbólga ríkir. Það er þó ljóst að afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun Íslendinga í framtíðinni því sjóðirnir væru stærstu eigendur langtímaskuldbindinga á íslenskum fjármálamarkaði.

SAMSKIPTI VIÐ ÍBÚÐALÁNASJÓÐ

Landssamtök lífeyrissjóða áttu á síðasta vetri í viðræðum við Íbúðalánasjóð vegna aukaúrdráttar húsbrefa. Um var að ræða tvö álitamál, sem bæði fengu jákvæðar undirtektir hjá Íbúðalánasjóði.

Í fyrsta lagi var fjallað um þá skoðun LL að við aukaafbörgun eða uppgreiðslu fasteignaveðbréfs verði brugðist með úrdrætti úr bréfum í þeim húsbrefaflokkum sem umrætt fasteignaverðbréf tilheyri. Í öðru lagi var óskað eftir staðfestingu Íbúðalánasjóðs á þeirri skoðun LL að aukaúrdráttur húsbrefa vegna uppgreiddra fasteignaverðbréfa, sem tilheyra þeim flokkum sem boðin voru skipti á fyrir íbúðabréf í júní á síðasta ári, yrðu í hlutfalli við gild útstandandi húsbref í viðkomandi flokkum.

Í bréfi Íbúðalánasjóðs til LL í október í fyrra féllst sjóðurinn á þá skoðun LL að við aukaafbörgun eða uppgreiðslu fasteignaveðbréfs verði brugðist með úrdrætti úr gildum bréfum í þeim húsbrefaflokkum sem umrætt fasteignaverðbréf tilheyri. Jafnframt var þess getið að það sé von

Íbúðalánasjóðs að Landssamtök lífeyrissjóða telji þessa aðferðarfræði áættanlega og að um hana geti náðst sátt við lífeyrissjóðina, þar sem tekið hafi verið tillit til hagsmuna og sjónarmiða samtakanna.

Í viðræðum við Íbúðalánasjóð óskuðu LL eftir staðfestingu Íbúðalánasjóðs á þeirri skoðun samtakanna LL að aukaúrdráttur húsbrefa vegna uppgreiddra fasteignaverðbréfa sem tilheyra þeim flokkum, sem boðin voru skipti á í júní 2004, verði í hlutfalli við gild útstandandi húsbref í viðkomandi flokkum. Í bréfi Íbúðalánasjóðs frá 5. janúar s.l., var ofangreind skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða staðfest. Sem dæmi var 85% skipt út í húsbrefaflokknum IBH 37 og IBH 41 fyrir íbúðabréf og af því leiði að aukaúrdráttur í þessum flokkum mun að hámarki nema 15%.

Patreksfjörður



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „*European Federation for Retirement Provision*“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfseminni felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða.

Nú er hálf tveggja áttunda ára tímabil sem aðildarþjóðirnar hafa til þess að aðlaga lög aðildarþjóðanna að tilskipun fyrir stofnanir sem annast starfstengdan lífeyrissparnað en tilskipunin var samþykkt í fyrrasumar og verður að hafa tekið gildi í hjá aðildarþjóðum 23. september 2005. Hafði þá tekið mörg ár að ná samstöðu meðal þjóðanna um setningu hennar og nokkrar tilraunir til þess á árum áður runnið út í sandinn. Tilskipuninni gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ. e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð EB1408/71 og er

því undanþegin tilskipuninni. Móttaka viðbótariðgjalda og iðgjalda til séreignarsparnaðar mun hins vegar falla undir tilskipunina. Þar sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 taka til flestra þeirra þátta sem væntanleg tilskipun fjallar um, er ekki að vænta mikilla breytinga á íslensku löggjöfinni til aðlögunar að tilskipuninni.

Þann 25. apríl s. l. var vörfundur EFRP haldinn í Reykjavík. Gestgjafi fundarins voru Landssamtök lífeyrissjóða. Mikill heiður er fyrir samtökin að fundurinn skuli hafa verið haldinn á Íslandi.

GR Grafarholti



SAMKOMULAG UM LÁNVEITINGAR

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið óskaði á s. l. hausti eftir tilnefningu af hálfu LL í nefnd til að fjalla um réttindi og skyldur lánveitenda í viðskiptum við lántaka, með hliðsjón af því að útvíkka samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Upphaflegt samkomulag var undirritað þann 27. janúar 1998 og nefndist „Samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða“ en að því stóðu Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra sparisjóða, Kreditkort hf., Greiðslumiðlun hf., Neytendasamtökin og viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra af hálfu stjórnvalda. Telja verður að þetta samkomulag hafi leitt til framfara í lánveitingum hér á landi og til bættra viðskiptahátta, m.a. til fækkunar ábyrgðarmanna og betri upplýsingagjafar til þeirra, sem var megin markmið samkomulagsins. Samkomulagið innleiddi meðal annars greiðslumat, útgáfu upplýsingabæklinga til ábyrgðarmanna, tilkynningar til ábyrgðarmanna um vanskil, betra verklags við skilmálabreytingar, bann við ótakmörkuðum ábyrgðum og aldurstakmark ábyrgðarmanna svo eitthvað sé nefnt. Nýtt samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga var undirritað 1. nóvember 2001 og er það nú í gildi.

Í maí 2004 skilaði áliti sínu nefnd um réttindi og skyldur í viðskiptum neytenda við fjármálafyrirtæki Nefndin lagði m.a. til að framangreint samkomulag verði útvíkkað þannig að það nái til fleiri lánveitenda svo sem lífeyrissjóða og váttryggingafélaga. Einnig verði samkomulagið útvíkkað þannig að það nái til fleiri þátta en ábyrgða.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði á s. l. hausti nefnd til að vinna að nýju samkomulagi og í þá nefnd voru skipaðir fulltrúar viðskiptaráðuneytis, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra tryggingafélaga, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs Landssamtaka lífeyrissjóða og Neytendasamtakanna. Hrafn Magnússon var skipaður í nefndina af hálfu LL. Síðan hafa tryggingafélögin dregið sig út úr nefndinni og borið m.a. fyrir sig að nefndastarfið gæti gengið í berhöggið við reglur samkeppnislaga. Ekki er þó útilokað að SÍT gerist síðar aðilar að nýju samkomulagi.

Nefndin hefur haldið marga fundi og er fyrirhugað að hún ljúki störfum nú í vor með undritun nýs samkomulags um lánveitingar til einstaklinga. Óvíst er, hvort sú tímaáætlun standist, enda ber þó nokkuð mikið á milli þeirra aðila, sem eiga fulltrúa í nefndinni. Ljóst er að nýtt samkomulag um lánveitingar til einstaklinga mun hafa í för með sér auknar skyldur fyrir lánveitendur, hvort sem þeir verða beinir aðilar að samkomulaginu eða ekki, þar sem dómstólar hafa túlkað gildissvið samkomulagsins rúmt. Miklu máli skiptir því að Landssamtök lífeyrissjóða geti komið að athugasemdum sínum í nefndarstarfinu sem getað skilað sér í texta væntanlegs samkomulags. Ef ekki næst samkomulag



Haustlitir

milli aðila eru hins vegar líkur á því að viðskiptaráðuneytið fari af stað með frumvarpssmíð með það í huga að löggesta ýmiss ákvæði varðandi lánveitingar til einstaklinga. Því skiptir verulega máli að hagsmunaaðilar nái saman um grundvöll væntanlegs samkomulags, frekar en að hlýta einhliða ákvörðun stjórnvalda og Alþingis.



UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka Lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið helstu umsagna Landssamtaka Lífeyrissjóða:

Breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu sig fylgjandi því að samtökin tilnefni fjóra stjórnarmenn í stjórn Söfnunarsjóðsins, eins og reyndar tíðkast hefur um árabíl, þegar Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefndu samtals fjóra fulltrúa í stjórn sjóðsins. Hins vegar var vakin athygli á því að ekki sé óeðlilegt að opinberir starfsmenn tilnefni sérstaklega fulltrúa í stjórn sjóðsins, eins og verið hefur, enda eiga fjölmargir ríkisstarfsmenn lífeyrisréttindi í sjóðnum. Þá voru samtökin sammála að hækkan heimildar sjóðsins til innheimtupóknunar. Um sé að ræða lögbundna innheimtustarfsemi, samkvæmt lögum nr. 129/1997, um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Eðlilegt sé að vanskilaaðilar greiði þennan innheimtukostnað en ekki aðrir sjóðfélagar Söfnunarsjóðsins.

Frumvarp um greiðslu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins.

Landssamtök lífeyrissjóða vöktu athygli á álitum samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2005. Samtökin eiga aðild að umræddri samráðsnefndnefnd og þar með því álitum, sem túlka má sem umsögn samtakanna.

Frumvarp til laga um afnám laga um Lífeyrissjóð sjómanna.

Landssamtök lífeyrissjóða lýstu sig sammála því að sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna verði afnumin enda starfi sjóðurinn framvegis samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Tillaga til þingsályktunar um tryggnalágmarkslífeyri.

Þingsályktunartillagan fjallaði um að bæta lífeyrisþegum Tryggingastofnunar ríkisins, sem fá minna lífeyri greiddan en 50 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum, með því að breyta bótareglum almannatrygginga.

Í álitum LL kom fram að þau eru sammála þeirri megin hugsun sem fram komi í þingsályktunartillögunni, þ.e.a.s. að draga þurfi úr þeim skerðingum sem lífeyrisþegar verða fyrir, ef þeir hafa áunnið sér einhver viðbótarlífeyrisréttindi hjá lífeyrissjóðunum. Sú skerðing bóta almannatrygginga, sem nú er til staðar í kerfinu er alltof mikil og hafi farið vaxandi á undanförunum árum, auk þess sem hún dregur veru-

lega úr þeim hvata, sem nauðsynlegur er til að launamenn sjái sér einhvern hag í því að greiða lög- og kjarasamningsbundin iðgjöld til lífeyrissjóða.

Breytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Í frumvarpinu er lagt til að aðildarskilyrði að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga verði breytt frá og með 1. janúar 2005, en einnig er ákvæði í frumvarpinu að stjórn lífeyrissjóðsins geti ákveðið viðmiðunarlaun fyrir greiðslu lífeyris í þeim tilvikum, þegar laun sjóðfélaga eru ekki samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Landssamtök lífeyrissjóða töldu að báðar þessar breytingar á lögnum væru til bóta, en vísuðu að öðru leyti til umsagnar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga um frumvarpið.

Breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjórnir, starfsmenn við eignastýringu o. fl.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu í umsögn sinni að frumvarpið væri að verulegu leyti byggt á misskilningi, þar sem m.a. væri verið að rugla saman starfsemi fjármálfyrirtækja annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Þá sé í frumvarpinu þrengt verulega að starfsemi lífeyrissjóðanna og langt umfram það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þessu til staðfestingar var vitnað í skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, hagfræðings, um skipan stjórna lífeyrissjóða í nágrannalöndum, þ. á. m. á öllum Norðurlöndunum og þar sem m.a. er fjallað um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða o. fl. Sú skoðun LL var áréttuð að samtökin væru andsnúin frumvarpinu. Ákvæði þess séu bæði óljós og óþörf, verið væri að rugla saman starfsemi lífeyrissjóða og verðbréfafyrirtækja, og ýmsar tillögur í frumvarpinu væru í engu samræmi við þá stjórnarhætti, sem almennt gilda um lífeyrissjóði í Evrópu.

Þingsályktunartillaga um afnám verðtryggingar.

Lagt er til að viðskiptaráðherra skipi nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða var vísað til skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, sem hann vann fyrir samtökin og getið er um annað staðar í þessari starfsskýrslu. Þar kom m.a. að afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun Íslendinga í framtíðinni, því sjóðirnir séu stærstu eigendur langtímaskuldbindinga á íslenskum fjármálamarkaði.

Í umsögninni var tekið fram að ekki væri ljóst, hvort flutningsmenn þingsályktunartillögunnar vildu beita sér fyrir afnámi verðtryggingar gagnvart lífeyrissjóðunum, a.m.k. væri í greinargerð hvergi minnst beinum orðum á lífeyrissjóðina. Þá legðu flutningsmenn tillögunnar til að samtök

Lífeyrissjóðanna ættu ekki fulltrúa í þeirri nefnd, sem fjalla skuli um afnám verðtryggingarinnar, og skjóti það frekari stoðum undir þá skoðun samtakanna að ekki væri gert ráð fyrir því að afnema verðtryggingu á eignum lífeyrissjóðanna. Ef sú skoðun samtakanna væri hins vegar byggð á misskilningi, hljóti það á hinn bóginn að sæta nokkurri furðu að ekki væri ætlast til að samtök lífeyrissjóðanna skipi fulltrúa í umrædda nefnd.

Þingsályktunartillaga um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Í umsögninni var vakin athygli á 14. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en þar er kveðið á um að lífeyrissjóði sé heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris um allt að fimm ár. Í samþykktum skal kveðið nánar um hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hafi áhrif á fjárhæð lífeyris. Algengast sé að hægt sé að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs eða fresta henni til 70 ára aldurs. Þessar reglur séu þó mismunandi eftir lífeyrissjóðunum, en reglur um flýtingu eða frestun á töku ellilífeyris séu þannig reiknaðar að sjóðfélaginn á hvorki að hagnast né tapa, hvort sem hann velur að taka lífeyri fyrir eða seinna. Vakinn er athygli á viðbótarlífeyrissparnaðinum, en heimilt sé að hefja töku hans við 60 ára aldursmarkið. Ljóst sé að viðbótarlífeyrissparnaðurinn mun í framtíðinni koma sér vel fyrir þá launþega, sem þurfa að hætta störfum vegna annarra ástæðna en veikinda eða slysa eða kjósa að fara í hlutastarf eftir 60 ára aldur. Landssamtök lífeyrissjóða séu ekki hlynnt því að settar verði almennar reglur sem hvetja megin þorra launþega til snemmtöku lífeyris. Í nágrannalöndum okkar séu þvert á móti uppi miklar umræður, hvernig ber að hvetja launþega til að halda áfram á vinnumarkaði eftir 60 ára aldur. Því ber að forðast að hafa reglur um snemmtöku lífeyris of rúmar. Þingsályktunartillagan gangi líka ekki út á það að búa til slíkar reglur, heldur að koma til móts við þá einstaklinga sem verða atvinnulausir vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Lífeyrissjóðirnir geta hins vegar ekki lækkað eftirlaunaaldurinn nema út frá tryggingafræðilegum forsendum, þ.e.a.s. að sjóðfélaginn á ekki að hagnast á því að hefja töku lífeyris fyrir. Slíkar reglur um lækkun lífeyrisfjárhæða við snemmtöku lífeyris séu því algjör forsenda hjá lífeyrissjóðunum. Vandséð sé því með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir geti komið að snemmtöku lífeyris, umfram þau heimildarákvæði sem fjallað er um í 14. gr. lífeyrissjóðalaganna.

Álit til nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis.

Landssamtökum lífeyrissjóða barst á síðastliðnu sumri erindi frá "Nefnd um stefnumótun íslensks viðskiptaum-

hverfis", þar sem óskað var álits samtakanna á því, hvort leiðbeinandi tilmæli um að meirihluti stjórnarmanna sé óháður félagi og að tveir stjórnarmenn séu óháðir stærstu hluthöfum sé framkvæmanleg hérlendis.

Í álitu LL var áréttað að skoða bæri leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem Verslunarráð Íslands, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út sem tilmæli til aðila. Varðandi eftirfarandi tilvitnun í leiðbeiningunum: „Æskilegt er að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu, sbr. skilgreiningu undir lið 2. 6. Að auki er æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmenn séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu“, ber að hafa í huga að ekki ber að líta svo á að slík tilmæli eða leiðbeiningar séu settar í löggjöf. Þannig liggja t.a.m. fyrir að samkvæmt skilgreiningum er augljóst að það sé ekki fyrir en eftir að ný félagsstjórn hafi tekið til starfa að unnt sé að sjá hverjir stjórnarmanna uppfylla skilgreiningu um hæfi gagnvart félaginu sjálfu, þar sem það sé á verksviði stjórnarinnar sjálfar að gera sér grein fyrir hæfi einstakra stjórnarmanna.

Í bréfi nefndarinnar er vikið að hlutfalls- og margfeldiskosningu, sbr. 63. gr. laga um hlutfélög, og fullyrt að ákveðin vandamál séu við framkvæmd ofangreindra tilmæla með hliðsjón af lögum. LL telja að svo sé alls ekki og að tilmælin geti verið í fullu gildi þrátt fyrir ákvæði hlutfélagalaganna um hlutfalls- og margfeldiskosningu. Í álitu LL var lögð áherslu á að tilmælin um hæfi stjórnarmanna gagnvart hluthöfum og viðkomandi félagi eiga ekki með nokkrum hætti að verða til þess að hrófla við þeirri réttarbót sem náðist fram fyrir minnihluta hluthafa, þegar ákvæðin um hlutfalls- og margfeldiskosningu voru sett inn í hlutfélagalögin. Um sé að ræða mjög þýðingarmikil ákvæði frá sjónarhóli lífeyrissjóðanna sem gætu reynst öðrum þjóðum til góðrar eftirbreytni hvað hluthafalöggjöf varðar.

Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu eðlilegt að settar væru í einum heilstæðum kafla almennar skilgreiningar á orðum og hugtökum. Skilgreiningar í tilmælunum gætu valdið misskilningi. Nauðsynlegt sé að vísa til IST ISO/IEC 17799 sem búið er að viðtaka sem íslenskan staðal. Eðlilegt sé að allir aðilar, sem eiga að lúta stjórnvaldsfyrirmælum um starfsemi sína, fari eftir þeim staðli þar sem það á við. Einnig kæmi til álita að vísa í ISO 9000 gæðastaðalinn, sem víða er viðtekinn í íslensku atvinnulífi.



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12. 2003 þús. króna	Hlutfallsskipting eigna í %
Lsj. starfsmanna ríkisins	146.257.598	17,83%
Lsj. verzlunarmanna	123.657.259	15,08%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn*	64.122.733	7,82%
Lífeyrissjóður sjómanna*	56.246.990	6,86%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	52.296.137	6,38%
Lífeyrissjóður Norðurlands	32.411.283	3,95%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	28.332.337	3,45%
Almenni lífeyrissjóðurinn	26.174.734	3,19%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn**	25.820.127	3,15%
Lífeyrissjóðurinn Lífið	22.826.729	2,78%
Lífeyrissjóður bankamanna	22.469.756	2,74%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	20.326.818	2,48%
Lífeyrissjóður Austurlands	15.675.787	1,91%
Lífeyrissjóður lækna	15.564.174	1,90%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	15.200.633	1,85%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	14.746.695	1,80%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	13.717.390	1,67%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	12.937.557	1,58%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	12.922.345	1,58%
Lífeyrissjóður bænda	12.696.730	1,55%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	10.044.471	1,22%
Lífeyrissjóður Vesturlands	9.583.301	1,17%
Eftirlaunasjóður FÍA	9.026.776	1,10%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	7.745.837	0,94%
Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga***	7.629.767	0,93%
Lífeyrissj. starfsm. Búnaðarbanka Ísl.	7.502.572	0,91%
Lífeyrissjóður Suðurlands	6.409.499	0,78%
Séreignalífeyrissjóðurinn**	5.495.504	0,67%
Lsj. Eimskipafélags Íslands	2.728.172	0,33%
Lsj. Rangæinga	2.679.858	0,33%
Lsj. Bolungarvíkur	2.279.171	0,28%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	2.250.869	0,27%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.601.449	0,20%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	1.585.889	0,19%
Eftirlsj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.475.470	0,18%
Esj. slökkvil.m. á Keflavíkurflugv.***	1.417.802	0,17%
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	1.368.427	0,17%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	1.182.750	0,14%
Lsj. Akraneskaupstaðar	885.206	0,11%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	665.253	0,08%
Eftirlaunasj. Sláturfélags Suðurlands	595.106	0,07%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	550.918	0,07%
Lsj. starfsm. Áburðarverksm. ríkisins	486.957	0,06%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurbæjar	366.418	0,04%
Lsj. Neskaupstaðar	195.390	0,02%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	13.904	0,002%
Samtals í LL	820.170.548	100,00%

* Lífeyrissjóðurinn Framsýn og Lífeyrissjóður sjómanna mun sameinast í nýjan lífeyrissjóð, sem nefnist Gildi lífeyrissjóður, þann 1. júní 2005.

** Séreignalífeyrissjóðurinn sameinaðist Frjálsa lífeyrissjóðnum á árinu 2004.

*** Eftirlaunasjóður slökkviliðsstarfsmanna á Keflavíkurflugvelli sameinaðist Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga á árinu 2004.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 2004



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2004 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur samtakanna árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 29,5 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 3,3 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 34,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 31,5 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2005.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Friðbert Traustason

Pórunn Sveinbjörnsdóttir

Haukur Hafsteinsson

Árni Guðmundsson

Margeir Daníelsson

Þorbjörn Guðmundsson

Gunnar Baldvinsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 2004, efnahag þeirra 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 15. mars 2005.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2004

	Skýr.	2004	2003
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	2	<u>29.543.943</u>	<u>28.446.432</u>
		<u>29.543.943</u>	<u>28.446.432</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	15.437.360	13.946.829
Annar rekstrarkostnaður	6	13.377.568	14.420.073
Afskriftir	7	<u>366.153</u>	<u>762.888</u>
		<u>29.181.081</u>	<u>29.129.790</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		362.862	(683.358)
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		2.888.984	2.158.140
Arður		140.796	168.956
Vaxtagjöld		(83.237)	(28.647)
		<u>2.946.543</u>	<u>2.298.449</u>
Hagnaður	9	<u>3.309.405</u>	<u>1.615.091</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2004	2003
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður	7	<u>422.572</u>	<u>788.725</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	8	<u>762.208</u>	<u>772.208</u>
	Fastafjármunir	<u>1.184.780</u>	<u>1.560.933</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		1.768.680	1.277.812
Handbært fé		<u>38.210.206</u>	<u>32.484.313</u>
	Veltufjármunir	<u>39.978.886</u>	<u>33.762.125</u>
	Eignir samtals	<u>41.163.666</u>	<u>35.323.058</u>

31. DESEMBER 2004

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2004	2003
Eigið fé	9	<u>34.837.693</u>	<u>31.528.288</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>6.325.973</u>	<u>3.794.770</u>
Skuldir samtals		<u>6.325.973</u>	<u>3.794.770</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>41.163.666</u>	<u>35.323.058</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Landsamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2003. Árgjöldin eru 0,070% af 10% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0033% af hreinni eign í árslok 2003.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í félögum

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2004	2003
Laun	12.039.899	11.396.152
Launatengd gjöld	2.718.920	2.550.677
Áfallið orlof	678.541	0
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>15.437.360</u>	<u>13.946.829</u>
Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf	1	1

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	9.972.324
Friðbert Traustason, formaður stjórnar	676.700
Haukur Hafsteinsson, varaformaður stjórnar	507.525
Arnar Sigurmundsson	338.350
Árni Guðmundsson	338.350
Margeir Daníelsson	338.350
Víglundur Þorsteinsson	338.350
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	338.350
Þorbjörn Guðmundsson	230.000
Þórir Hermannsson	125.000
Friðjón R. Sigurðsson	15.000
Jón G. Kristjánsson	15.000

**Skýringar, frh.:**

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2004	2003
Húsaleiga	1.263.555	1.261.399
Annar húsnæðiskostnaður	302.346	309.377
Pappír, prentun, ritföng	804.689	787.672
Símakostnaður	286.423	308.486
Burðargjöld	110.204	123.785
Bækur, blöð og tímarit	268.098	507.175
Aðkeypt þjónusta	6.444.851	5.507.298
Rekstur bifreiðar	1.410.143	694.503
Ferðakostnaður	522.065	329.527
Fundir, ráðstefnur, námskeið	441.926	1.093.281
Auglýsingar	178.153	3.030.473
Félagsgjöld	609.458	705.346
Söluhagnaður bifreiðar	0	(505.433)
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	223.819	28.075
Annar kostnaður	511.838	239.109
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>13.377.568</u>	<u>14.420.073</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður
Heildarverð 1.1.2004	1.904.022
Afskrifað áður	(1.115.297)
Bókfært verð 1.1.2004	788.725
Afskrifað á árinu	(366.153)
Bókfært verð 31.12.2004	<u>422.572</u>
Heildarverð 31.12.2004	1.904.022
Afskrifað samtals 31.12.2004	(1.481.450)
Bókfært verð 31.12.2004	<u>422.572</u>
Afskriftahlutföll	20-33%

Skýringar, frh.:

Áhættufjármunir

8. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða sf.	9,0%	<u>90.000</u>
		<u>762.208</u>

Eigið fé

9. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2004	24.416.897	7.111.391	31.528.288
Hagnaður ársins	<u> </u>	<u>3.309.405</u>	<u>3.309.405</u>
Eigið fé 31.12.2004	<u>24.416.897</u>	<u>10.420.796</u>	<u>34.837.693</u>

Skuldbindingar

10. Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 1,4 millj. kr. og greiðist á næstu tveimur árum.

